

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 15. janúar 2020

Mál nr. E-2595/2018:

Orange Project ehf.

(Bjarni Þór Óskarsson lögmaður)

3 Skref ehf.

(Sævar Þór Jónsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 20. nóvember sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu þingfestri 2. september 2018 af Orange Project ehf., Ármúla 6, 108 Reykjavík, á hendur 3 Skref ehf., Þarabakka 3, 109 Reykjavík.

I.

Stefnandi krefst þess að hið stefnda félag verði dæmt til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 1.399.128,00 krónur, ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af kr. 300.024,00 frá 1.4.2017 til 31.7.2017, af kr. 617.206,00 frá 31.7.2017 til 1.8.2017, af kr. 624.676,00 frá 1.8.2017 til 2.8.2017, af kr. 628.056,00 frá 2.8.2017 til 3.8.2017, af kr. 631.436,00 frá 3.8. 2017 til 16.8.2017, af kr. 634.816,00 frá 16.8.2017 til 18.8.2017, af kr. 638.496,00 frá 18.8.2017 til 24.8.2017, af kr. 643.111,00 frá 24.8.2017 til 30.8.2017, af kr. 646.491 frá 30.8.2017 til 31.8.2017, af kr. 954.107 frá 31.8.2017 til 6.9.2017, af kr. 957.487 frá 6.9.2017 til 7.9.2017, af kr. 960.867 frá 7.9.2017 til 8.9.2017, af kr. 964.847 frá 8.9. 2017 til 11.9.2017, af kr. 968.827 frá 11.9.2017 til 13.9.2017, af kr. 972.807 frá 13.9.2017 til 21.9.2017, af kr. 977.127 frá 21.09.2017 til 25.9.2017, af kr. 984.277 frá 25.9.2017 til 26.9.2017, af kr. 987.657 frá 26.9.2017 til 2.10.2017, af kr. 1.298.911 frá 2.10.2017 til 31.10.2017, af kr. 1.309.312,00 frá 31.10.2017 til 30.11.2017, af kr. 1.399.128,00 frá 30.11.2017 til greiðsludags. Inn á skuldina hefur verið greidd innborgun 30.4.2018, 182.466,00 kr., og dregst hún frá skuldinni m.v. stöðu hennar á innborgunardegi. Innborgunum er fyrst ráðstafað til greiðslu áfallins kostnaðar af vanskilum, þá til greiðslu vaxta og að lokum til lækkunar höfuðstóls.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en

málskostnaðarreikningur verði lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

Stefndi krefst þess að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda. Til vara krefst stefndi þess að kröfur stefnanda verði lækkaðar.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda að mati dómsins eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Verði stefnda gert að greiða stefnanda einhvern hluta krafna hans er höfð uppi gagnkrafa til skuldajafnaðar að fjárhæð 448.744 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 266.278 krónum frá 15. september 2017 til 16. október 2017, en af 448.744 krónum frá þeim degi til greiðsludags, og að viðurkenndur verði réttur stefnda til að skuldajafna kröfu sinni á móti kröfu stefnanda.

Í greinargerð krafðist stefndi þess að málinu yrði vísað frá dómi, en með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur þann 28. mars 2019 var kröfu stefnda um frávísun málsins hafnað.

II.

Málsatvik

Helstu atvik eru þau að stefnandi, sem rekur almenna ráðgjafarþjónustu og útleigu húsnæðis, byggir kröfur sínar á reikningum vegna leigu á fullbúnu skrifstofuhúsnæði og fyrir aðra þjónustu, svo sem veitingar. Alls nema kröfur stefnanda 1.399.128 krónum en til frádráttar kemur innborgun 30.4.2018 að fjárhæð 182.466 krónur. Stefndi, sem rekur alhliða bókhaldsþjónustu, mun hafa byrjað að leigja húsnæði hjá stefnanda í júlí/ágúst 2016. Ekki liggur fyrir skriflegur leigusamningur en leiga var greidd skv. samkomulagi.

Þá um sumarið kom upp sú staða að bókari, sem var aðili að rekstri stefnanda, veiktist og stefnandi samdi þá við stefnda um að hlaupa í skarðið og ganga frá uppgjöri fyrir nokkur fyrirtæki sem höfðu þegið bókhaldsþjónustu hjá stefnanda. Um haustið mun fyrirsvarsmáður stefnanda, A, hafa hreyft því við starfsmenn stefnda að stefndi tæki við bókhaldsþjónustu fyrir þau fyrirtæki sem verið höfðu í þjónustu hjá stefnanda. Í nóvember 2016 kom A að máli við starfsmenn stefnda og bauð til sölu viðskiptavild og viðskiptasambönd stefnanda við þau fyrirtæki sem notið höfðu bókhaldsþjónustu hjá

stefnanda. Með tölvubréfi, dags. 21. nóvember 2016, lagði stefnandi fram þrjú verðtilboð og tveimur dögum síðar samþykkti stefndi verðtilboð nr. 1 miðað við uppgjefnar forsendur. Í desember 2016 kom hins vegar í ljós að nokkur fyrirtæki yrðu ekki hluti af samkomulaginu og sendi stefndi tölvubréf þar sem hann lýsti því að hann teldi því rétt að lækka tilboðsverðið sem næmi hlutfallslegu umfangi fyrirtækjanna í þjónustu stefnanda síðustu sex mánuði. Með tölvubréfi, dags. 17. maí 2017, lagði stefndi enn fram tillögu að uppgjöri miðað við framangreindar forsendur og yrði kaupverð þá 1.243.200 krónur eða 1.541.568 krónur með virðisaukaskatti. Hluti kaupverðs skyldi greiðast í formi afsláttar til stefnanda og annarra félaga í eigu A sem áttu í viðskiptum við stefnda. Félög í eigu fyrirsvarsmanns stefnanda, A, sem voru í viðskiptum við stefnda voru Caty Capital ehf., Lögfræðistofan Íslandslög ehf. og stefnandi sjálfur. Mismun kaupverðs og afsláttar átti síðan að greiða inn á reikning stefnanda.

Hinn 14. september 2017 átti að skrifa undir formlegan kaupsamning. Mismunur kaupverðs og afsláttar nam samtals 229.806 kr. með virðisaukaskatti. Stefnandi sætti sig ekki við þetta og ekkert varð af viðskiptum aðila.

Stefnda var send innheimtuviðvörðun, dags. 17. apríl 2018, vegna framangreindra reikninga og síðan innheimtubréf þann 30. maí 2018.

Þá liggur fyrir að stefndi gaf út og sendi reikning á stefnanda, dags. 31. ágúst 2017, með eindaga 15. september 2017 að fjárhæð samtals með vsk. 266.278 krónur vegna bókhaldsvinnu, og annan reikning, dags. 30. september 2017, með eindaga 16. október 2017 að fjárhæð samtals 182.466 krónur með vsk. Innheimtuviðvörðun var síðan send dags. 1. mars 2018, og innheimtubréf, dags. 17. september 2018.

Mál þetta var síðan höfðað með stefnu þingfestri 6. september 2018.

III.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir kröfur sínar á reikningum vegna leigu á fullbúnu skrifstofuhúsnæði og fyrir aðra þjónustu, svo sem veitingar. Með sókn sem stefnandi lagði fram við aðalmeðferð leiðrétti hann upphaflegar dómkröfur í stefnu. Í sókn kom fram að leiðréttu þyrfti dómkröfur þar sem reikningur með gjalddaga 30. september 2017 að fjárhæð 182.466 krónur væri ranglega nefndur í stefnufjárhæð. Hann væri nr. 114 og væri réttilega tilgreindur í innborgunum. Þá leiðrétti stefnandi reikning með gjalddaga 1. október nr. 2561 þar sem hann væri vegna leigu í október 2016 að fjárhæð 148.000 krónur

og kæmi ekki fram í stefnufjárhæð. Leigutrygging stefnda að sömu fjárhæð hefði verið nýtt til greiðslu á þessum reikningi og hann væri því greiddur og kæmi ekki til álita í málinu. Heildarkröfur stefnanda nemi því 1.399.128 krónum. Reikningar sem stefnandi byggir á séu sem hér segir:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð
1.	01.04.2017	01.04.2017	39.665,00
2.	01.04.2017	01.04.2017	260.359,00
3.	31.07.2017	31.07.2017	317.182,00
4.	01.08.2017	01.08.2017	7.470,00
5.	02.08.2017	02.08.2017	3.380,00
6.	03.08.2017	03.08.2017	3.380,00
7.	16.08.2017	16.08.2017	3.380,00
8.	18.08.2017	18.08.2017	3.680,00
9.	24.08.2017	24.08.2017	4.615,00
10.	30.08.2017	30.08.2017	3.380,00
11.	31.08.2017	31.08.2017	307.616,00
12.	06.09.2017	06.09.2017	3.380,00
13.	07.09.2017	07.09.2017	3.380,00
14.	08.09.2017	08.09.2017	3.980,00
15.	11.09.2017	11.09.2017	3.980,00
16.	13.09.2017	13.09.2017	3.980,00
17.	21.09.2017	21.09.2017	4.320,00
18.	25.09.2017	25.09.2017	7.150,00
19.	26.09.2017	26.09.2017	3.380,00
20.	30.09.2017	30.09.2017	182.466,00
21.	02.10.2017	02.10.2017	311.254,00
22.	31.10.2017	31.10.2017	10.401,00
23.	30.11.2017	30.11.2017	89.816,00

Samtals nemi framangreindar fjárhæðir 1.399.128 krónum sem sé höfuðstóll dómkröfu auk dráttarvaxta og kostnaðar. Umsaminn gjalddagi í viðskiptum stefnda við stefnanda sé sá dagur sem fram komi hér að ofan og séu stefnufjárhæð og dráttarvextir miðaðir við það tímamark.

Inn á skuldina hafi verið greidd innborgun þann 30. apríl 2018, 182.466,00 krónur, og dragist hún frá skuldinni m.v. stöðu hennar á innborgunardegi. Innborgunum sé fyrst ráðstafað til greiðslu áfallins kostnaðar af vanskilum, þá til greiðslu vaxta og að lokum til lækkunar höfuðstóls. Eftirstöðvar skuldarinnar hafi ekki fengist greiddar þrátt fyrir innheimtutilraunir og sé því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefnandi hafi gert tilraunir til innheimtu krafna sinna hjá stefnda fyrir löginheimtu, eins og framlagt yfirlit beri með sér. Því sé þess krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til kostnaðar stefnanda af innheimtuviðvörun og milliinnheimtu í samræmi við framlagt yfirlit.

Stefnandi byggji kröfur sínar á reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styðji stefnandi við lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Krafa um málskostnað styðjist við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun sé reist á lögum númer 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur og beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Varðandi varnarþing vísist til 33. gr. laga nr. 91/1991.

IV.

Málsástæður og lagarök stefnda

Mál þetta varði innheimtu á kröfum vegna meintra viðskipta hins stefnda félags og stefnanda. Krafan sé sögð grundvallast á 23 úttefnum reikningum sem lagðir hafi verið fram. Það athugist að allmargir reikningar séu gefnir út af hálfu félagsins „Regus“ sem stefndi kunnir engin deili á. Í stefnu sé enga útlistun að finna á þessu. Samkvæmt þessu beri að sýkna stefnda vegna sóknaraðildarskorts stefnanda, sbr. ákvæði 2. mgr. 16. gr. eml.

Kröfu sína um sýknu að svo stöddu byggir stefndi á því að efndatími krafanna sé ekki kominn. Hvorki hafi verið samið um verð fyrir hina meintu þjónustu né gjalddaga. Í þessu sambandi byggir stefndi á því að honum hafi ekki borist reikningar stefnanda fyrir en með fylgigögnum stefnu eftir þingfestingu málsins. Efndatími kröfu geti aldrei verið fyrir en eftir að krafið hafi verið sannanlega um greiðslu. Sú sönnun hvíli á stefnda. Slík krafa hafi fyrst borist stefnda með innheimtubræfi dags. 17. apríl 2018 sem hafi komið stefnda í opna skjöldu. Með bréfinu hafi þó engir reikningar fylgt. Þá liggi ekki fyrir í málinu undirritaður samningur milli aðila. Stefnandi hefði bæði með frekari

gögnum sem og í stefnu getað sundurliðað og gert frekari grein fyrir fjárkröfu sinni á hendur stefnda. Svo hafi ekki verið gert og því beri að sýkna stefnda að svo stöddu.

Verði ekki fallist á aðal- eða varakröfu stefnda sé þess krafist til þrautavara að kröfur stefnanda verði lækkaðar. Eins og áður greini varði mál þetta innheimtu á kröfum vegna viðskipta stefnda og stefnanda. Sé krafan meðal annars sögð grundvallast á tveimur reikningum, annars vegar reikningi nr. 4353, dags. 1. apríl 2017, upphaflega að fjárhæð 433.916 kr., nú 39.665 kr., og hins vegar reikningi nr. 4354, dags. 1. apríl 2017, að fjárhæð 260.359 kr. Stefndi hafni alfarið þessum reikningum.

Í nóvember 2016 hafi A komið að máli við starfsmenn stefnda og sagt að hann hygðist selja viðskiptavild og viðskiptasambönd stefnanda. Nánar tiltekið hafi verið um að ræða nokkur fyrirtæki sem höfðu þegið þjónustu hjá stefnanda. Með tölvubréfi, dags. 21. nóvember 2016, hafi stefnandi lagt fram þrjú verðtilboð. Tveimur dögum síðar hafi stefndi samþykkt verðtilboð nr. 1 miðað við uppgefnar forsendur. Í desember 2016 hafi hins vegar komið í ljós að nokkur fyrirtæki yrðu ekki hluti af samkomulaginu. Hafi stefndi því talið rétt að lækka tilboðsverðið sem næmi hlutfallslegu umfangi fyrirtækjanna í þjónustu stefnanda síðustu sex mánuði. Með tölvubréfi, dags. 17. maí 2017, hafi stefndi lagt fram tillögu að uppgjöri miðað við ofangreindar forsendur. Kaupverð hafi verið tilgreint í drögum 1.243.200 krónur eða samtals 1.541.568 krónur með virðisaukaskatti. Um hafi verið samið að kaupverðið skyldi greiðast í formi afsláttar til stefnanda og annarra félaga í eigu A sem áttu í viðskiptum við stefnda. Mismun kaupverðs og afsláttar skyldi greiða inn á reikning stefnanda. Þetta hafi verið í samræmi við fyrri samskipti aðila.

Hinn 14. september 2017, þegar skrifa átti undir formlegan kaupsamning hafi soðið upp úr þegar A hafi orðið ljóst að stefndi væri í raun búinn að greiða allt kaupverðið í formi afsláttar. Mismunur kaupverðs og afsláttar hafi numið samtals 229.806 krónum með virðisaukaskatti. Við það hafi stefnandi ekki getað unað, þrátt fyrir að hafa boðað til kaupsamningsfundar og fengið sent afrit af uppgjörinu með fyrirvara, sbr. tölvubréf stefnda dags. 13. september 2017.

Í stuttu máli þá hafi ekkert orðið af þessum viðskiptum aðila. Innheimtuaðgerðir stefnanda hafi því komið stefnda í opna skjöldu.

Eftir því sem stefndi best viti séu tilgreindir reikningar tilkomnir vegna fyrrgreinds samnings sem aldrei verði gerður. Stefndi hafi upplýst stefnanda um að hann myndi ekki greiða reikninga vegna viðskiptanna fyrir en undirritaður samningur væri

komin á milli aðila. Reikningarnir séu því tilhæfulausir þar sem ekkert hafi orðið af umræddum viðskiptum aðila. Engu að síður hafi stefnandi sent umrædda reikninga í innheimtu. Enn lengra hafi verið gengið af hálfu stefnanda, en svo virðist vera sem stefnandi hafi skuldajafnað reikningi stefnda nr. 114, sbr. hér síðar, á móti meintri kröfu samkvæmt reikningi nr. 4353. Þessu sé mótmælt, enda hafi engin gild krafa verið fyrir hendi svo að til skuldajafnaðar gæti komið.

Verði ekki fallist á það með stefnda að víkja til hliðar reikningum nr. 4353 og nr. 4354, þá mótmæli stefndi engu að síður fjárhæð og grundvelli þeirra. Fjárhæðin sé óhóflega há að mati stefnda. Krafist sé samtals 694.275 króna með virðisaukaskatti, þar af 559.335 króna án vsk. í „þóknun” og „fundarsetu“ fyrir óskilgreinda þjónustu, sem sé ofar skilningi stefnda. Eins og mál þetta sé lagt fyrir verði að teljast upplýst að málsaðilar hafi ekki samið fyrir fram um verð fyrir þjónustu stefnanda. Í slíkum tilvikum ráðist fjárhæðin eftir almennum reglum, eftir atvikum meginreglu 45. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Beri þá að miða fjárhæðina við eðli þjónustunnar og gæði hennar að öðru leyti, en fyrir því beri stefnandi sönnunarbyrði

Verði stefnda gert að greiða stefnanda einhvern hluta krafna hans sé höfð uppi gagnkrafa til skuldajafnaðar að fjárhæð 448.744 krónur auk dráttarvaxta. Verði fallist á ýtrustu kröfur stefnda samkvæmt framansögðu, þ.e. ef dómurinn hafnar reikningum nr. 4353 og nr. 4354, þá standi eftir samtals 1.132.770 krónur af stefnufjárhæð (1.432.794 – 300.024 = 1.132.770). Þá sé eftir að taka tillit til gagnkröfu stefnda á hendur stefnanda vegna tveggja reikninga, þ.e. reiknings nr. 79, dags. 31. ágúst 2017 að fjárhæð 266.278 krónur, og áðurnefnds reiknings nr. 114, dags. 30. september 2017 að fjárhæð 182.466 krónur, sem stefnandi hafi skuldajafnað ólöglega, eða samtals 448.744 krónur m/vsk., sbr. dskj. 13 og 14. Frá stefnufjárhæð, 1.132.770 krónum, dragist þannig 448.744 krónur. Eftir standi þá 684.026 krónur sem sé endanleg stefnufjárhæð málsins að mati stefnda.

Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. eml. sé stefnda heimilt að hafa uppi gagnkröfu til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda á hendur honum ef almennum skilyrðum fyrir skuldajöfnuði er fullnægt. Gagnkrafa stefnda samkvæmt framansögðu byggist annars vegnar á framlögðum reikningi nr. 79, samtals 266.278 krónur með eindaga 15. september 2017, og hins vegar reikningi nr. 114, samtals 182.466 krónur með eindaga 16. október 2017, eða samtals 448.744 krónur m/vsk. sem komi til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda. Krafan byggist á almennri bókhaldsþjónustu í þágu stefnanda. Innifalið í þeirri vinnu hafi meðal annars verið færsla bókhalds, launavinnsla og afstemmingar.

Innheimtutilraunir hafi engan árangur borið, eins og framlögð innheimtubréf beri með sér, og sé því nauðsynlegt að hafa uppi gagnkröfu þessa. Því sé þess krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til kostnaðar stefnda af innheimtu.

Eindagi í viðskiptum stefnda við stefnanda sé sá dagur sem fram komi hér að ofan og miðist gagnkröfufjárhæð og dráttarvextir við það tímamark. Um sönnun fyrir þjónustu og gagnkröfu stefnda vísist meðal annars í framlögð skjöl.

Kröfu stefnanda um dráttarvexti í dómkröfu sé mótmælt með vísan til þess sem hér hefur verið rakið. Í þessu sambandi vísi stefndi meðal annars til 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Verði stefndi dæmdur greiðsluskyldur að öllu eða einhverju leyti sé þess krafist, með vísan til framangreinds, að dráttarvextir verði aðeins dæmdir frá dómsuppsögu og málskostnaður falli niður.

Um heimild stefnda til að hafa uppi gagnkröfu sína á hendur stefnanda í málssókn þessari vísist til 1. mgr. 28. gr. sömu laga. Einnig sé vísað til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingargildi loforða og skyldu til að efna samninga.

Krafa um dráttarvexti af gagnkröfu styðji stefndi við ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Málskostnaðarkrafa styðjist við ákvæði 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

V.

Niðurstaða

Við aðalmeðferð gaf skýrslu A, framkvæmdastjóri stefnanda. Aðspurður um Regus, þá kvað hann það vera vörumerki Orange Project ehf. skv. francise-samningi og því væri það sami aðili og stefnandi. Hann kvað stefnanda leigja út skrifstofuhúsnæði og fundarherbergi og selja síðan ýmsa þjónustu, svo sem símsvörun og bókhaldsþjónustu. Jafnframt ræki félagið kaffihús, Orange kaffi. Varðandi viðskipti við stefnda þá hafi félagið leigt skrifstofuhúsnæði af stefnanda og síðan hafi stefndi farið að sinna bókhaldsvinnu fyrir stefnanda. Stefndi hafi líklega byrjað að leigja húsnæði af stefnanda á árinu 2017 og verið með reikning á kaffihúsinu vegna viðskipta þar. Stefnda hafi verið gerður reikningur mánaðarlega fyrir alla þjónustu í ákveðu kerfi og reikningar sendir í heimabanka.

Stefndi hafi í fyrstu farið að færa bókhald fyrir stefnanda og síðan farið að vinna bókhald fyrir viðskiptavini stefnanda og hafi hlaupið í skarðið þegar starfsmaður hjá stefnanda sem sinnt hafði bókhaldi hafi veikt. Stefndi hafi síðan boðið stefnda til sölu

þann viðskiptagrunn í bókhaldsþjónustu sem stefnandi hafi verið með, það er að taka yfir þá bókhaldsþjónustu sem stefnandi hafði annast. Reikningar nr. 4354 og 4353 væru vegna yfirtöku stefnda á þjónustu við ákveðna viðskiptavinir stefnanda. Samið hafi verið um verð fyrir þetta og framangreindir reikningar væru vegna þessara viðskipta. Hann kvað það rangt að þessi viðskipti hefðu ekki gengið eftir, viðskiptavinir hefðu farið yfir til stefnda og væru enn þar í viðskiptum. Hann kvað ekki hafa verið samið um gagnkvæman afslátt í þessum viðskiptum.

Hann kvað alla reikninga frá stefnanda hafa verið senda út í gegnum gagnagrunn og kröfur jafnframt verið stofnaðar í heimabanka, reikningar væru sendir út 35 dögum fyrir eindaga og á netfang viðskiptavinar samhliða stofnun í heimabanka. Ekki hafi borist athugasemdir við útsenda reikninga.

Varðandi reikning dags. 15. sept. 2017 frá stefnda að fjárhæð 266.278 krónur, þá hafi honum verið skuldajafnað inn á reikning stefnanda nr. 4353.

Varðandi yfirtöku stefnda á viðskiptamönnum, þá hafi verið um að ræða 22 fyrirtæki sem færu til stefnda og reikningur nr. 4353 hafi verið vegna þeirra. Stefnandi hafi verið að hætta í bókhaldi og verið að selja stefnda þessi viðskipti. Þessi reikningur hafi verið þóknun fyrir þau félög sem hafi verið afhent stefnda, enginn skriflegur samningur hafi verið um þessi viðskipti. Þá kvað hann engan skriflegan samning hafa verið um húsaleigu en stefndi hefði greitt leigu skv. samkomulagi í langan tíma.

Varðandi reikninga vegna úttekta á mat og drykk hafi viðskiptavinir ekki þurft að kvitta fyrir úttekt, stefndi hafi verið að vinna hjá stefnanda og traust verið gagnkvæmt. Reikningum hafi aldrei verið mótmælt fyrr en eftir að stefndi fór úr húsnæðinu.

Við aðalmeðferð gaf aðilaskýrslu B, eigandi stefnda. Varðandi reikning nr. 4353 þá hafi strax og krafa kom í heimabanka verið gerðar athugasemdir og tekið fram að ekki yrði greitt þar sem ekki lögju einu sinni fyrir drög að samningi og málið væri allt á umræðustigi. Þessir reikningar hafi átt að vera þóknun fyrir viðskiptavild við yfirtöku á fyrirtækjum í bókhaldsþjónustu sem höfðu verið hjá stefnanda. Varðandi reikning nr. 4353 sem sagður sé vera fyrir fundarsetu og fjögur til fimm fyrirtæki sem hafi verið í þjónustu hjá stefnanda, þá hafi honum einnig verið mótmælt þar sem engin rök hafi verið fyrir honum.

B kvað stefnda hafa komið inn sem leigjanda og síðan hafi komið upp vandræði hjá stefnanda þar sem sá aðili sem séð hefði um bókhaldi hefði veikt skyndilega og

aðeins verið hálfur mánuður til skila á virðisaukaskatti hjá 18 fyrirtækjum. Stefndi hafi gengið í að færa þetta bókhald og stefnandi boðið stefnanda að taka við þessu verki þar sem ekki hafi legið fyrir hvort bókarinn kæmi til baka. Stefnandi hafi síðan rukkað sína viðskiptavinum og stefndi rukkaði stefnanda. Fyrirsvarsmáður stefnanda hafi verið frekur og aðgangsharður og ekki viljað að viðskiptavinir hans vissu hvernig í öllu lá og stefndi hefði ekki verið í samskiptum við þá nema í gegnum hann. Samskiptin hafi orðið erfiðari og þetta ekki gengið upp. Þá hafi verið farið að ræða það að stefndi tæki þetta yfir og rætt hafi verið um að gerður yrði einhvers konar samningur um greiðslu stefnda. Hún kvaðst hafa krafist þess að viðskiptavinum stefnanda yrði gerð grein fyrir málum en það hefði ekki verið gert. Stefnandi hafi síðan sent tölvupóst á viðskiptavinum og boðið að þeim sem vildu væri velkomið að fylgja með til bókarans sem hafði veikst og hætt störfum hjá stefnanda.

Það hafi aldrei verið gerður samningur en þau hafi hist á fundi. Rætt hafi verið um ákveðið verð sem greiða hafi átt með afslætti og peningum. Í sanningsdrögum hafi verið tiltekið ákveðið verð sem hafi átt að greiðast með veittum afslætti og peningum. Sendar hafi verið uppfærðar fjárhæðir á stefnanda áður en þau hittust og þá hafi hann misst stjórn á sér. Í upphafi stefndi boðið að greiða í einhvers konar dreifingu, og en stefndi hafði aðgang að bókhaldi þessara fyrirtækja og vissi hvaða tekjur af þeim voru og setti fram ákveðnar forsendur, sem voru einhver prósentu af tekjum stefnanda. Stefnandi hafi hins vegar aldrei haft heimild til að selja þessi viðskipti og því hafi aldrei komist á neinn samningur.

Varðandi reikninga fyrir veitingar hafi starfsmenn stefnda nýtt sér að borða stundum í hádeginu og einnig fyrir viðskiptamenn í ýmsu formi á viðskiptafundum. Stundum hafi verið greitt og stundum fært í reikning. Hún kvaðst kannast við þessa reikninga en ekki hafa fengið þá á þeim tíma þegar þeir voru gefnir út. Hún hafi fyrst fengið þá þegar þeir voru komnir í innheimtu og þá alla í einu. Ekki komi fram hver hafi verið úttektaraðilinn.

B kvað stefnda hafi leigt hjá stefnanda frá því í júlí 2017. Það hefði ekki verið gerður skriflegur leigusamningur en stefndi fengið reikninga í tölvupósti og í heimabanka, en hún kvaðst ekki muna þetta glögg. Gerðar hafi verið athugasemdir við reikninga frá kaffihúsinu, bæði munnlega og í tölvupósti og eins á Facebook.

Nánar aðspurð, þá kvað hún engar tölur hafa komið frá A varðandi færslu á viðskiptum en tölvupóstskeyti gengið á milli. Hún og starfsmaður hennar, C, hafi síðan

sjálfar haft samband við umrædd fyrirtæki og tilkynnt þeim að stefndi væri ekki lengur að vinna fyrir stefnanda og þau gætu samið við stefnda án milligöngu stefnanda. Hún kvað það síðan hafa verið fimm fyrirtæki sem hefðu komið yfir til stefnda. Stefnandi hafi ekki verið kominn með nein nöfn á fyrirtækjunum sem átt hafi að færa til stefnda.

Varðandi reikninga nr. 4353 og 4354, þá hefðu þeir verið gefnir út í apríl 2017, án þess að nokkur samningur væri fyrir hendi og hún kvaðst ekki skilja fjárhæðirnar á þeim.

C, systir B, sem var starfsmaður stefnda á þessum tíma, gaf vitnaskýrslu. Aðspurð kvað C stefnda hafi byrjað að leigja um mánaðamótin júlí ágúst 2016. Stefnandi hafi fengið afslátt sem átti að vera vegna þess að hann hafi ætlað að afla stefnda fyrirtækja til að þjónusta.

Hún kvað hafa verið rætt um yfirfærslu viðskiptavildar frá stefnanda til stefnda. Hún kvaðst ekki hafa komið að samningsgerð en hún hefði aldrei séð neitt umboð stefnanda til að færa bókhald fyrirtækja til stefnda. Í upphafi hafi þær verið að bjarga málum hjá stefnanda þegar bókhaldari hjá honum veiktist. Þær hafi ekki mátt hafa beint samband við viðskiptavinum og stefnandi hafi leynt því fyrir þeim að bókhaldarinn væri veikur. Þeim hafi hins vegar þótt óeðlilegt að viðskiptavinir vissu ekki hver væri að færa bókhaldið fyrir fyrirtæki þeirra.

Upphaflega hafi stefnandi boðið að stefndi tæki við 18 fyrirtækjum en hann hafi ekki haft neitt umboð. Það hafi verið rædd drög sem lýst hafi einhverjum greiðslum og hluti greiðslna til stefnanda hafi átt að vera í formi afsláttur af bókhaldsþjónustu fyrir stefnanda og fyrirtæki í viðskiptum hjá honum. Þegar A hafi tilkynnt fyrirtækjunum að Jón væri veikur hafi hann sagt þeim að þau gætu verið áfram hjá honum, mörg hafi viljað það og þá hafi aðeins verið eftir fjögur fyrirtæki og aðeins eitt hafi flutt sig til þeirra. Hún kvað reikninga stefnanda nr. 4353 og 4354 vera tilhæfulausa. Þær systur hafi ekki treyst A, sem ekki hafi verið með neitt umboð frá fyrirtækjunum. Þá hafi ekkert komið fram á reikningunum um það fyrir hvað væri verið að greiða og af hverju þeir væru með virðisaukaskatti. Þessum reikningum hafi því verið mótmælt.

Varðandi reikninga fyrir mat og drykk á kaffihúsi stefnanda, þá hafi þær mótmælt þeim og þær ekkert komið þangað eftir að þær fóru að deila við A. Viðskipti hafi verið færð í reikning og einhverja reikninga hafi þær greitt. Hún kvaðst ekkert kannast við þessa reikninga, þær hefðu stundum pantað mat, að minnsta kosti samþykkti hún ekki reikninga eftir 11. september, en þá hefðu þær verið farnar úr húsnæðinu.

Varðandi framangreinda reikninga nr. 4353 og 4354 þá segi á reikningi 4353, að fjárhæð samtals 433.916 kr., að hann sé vegna þóknunar, ekki tiltekið fyrir hvað. Í stefnu komi síðan fram að hann sé að eftirstöðvum 39.665 krónur. Varðandi reikning nr. 4354 að fjárhæð 260.359 krónur, þá segi á honum að hann sé vegna þóknunar og fundarsetu.

Í aðilaskýrslu lýsti fyrirvarsmaður stefnanda því að reikningar nr. 4354 og 4353 væru vegna yfirtöku stefnda á þjónustu við ákveðna viðskiptavini stefnanda og að reikningi dags. 15. sept. 2017 frá stefnda að fjárhæð 266.278 krónur hefði verið skuldajafnað inn á reikning stefnanda nr. 4353 vegna yfirtöku stefnda á viðskiptamönnum. Um hefði verið að ræða 22 fyrirtæki sem færu til stefnda og reikningar þessir væru vegna þessa. Stefnandi mótmælir því að þessi viðskipti hafi ekki gengið eftir.

Reikningum þessum er mótmælt af hálfu stefnda. Báðir reikningarnir eru dags. 1. apríl 2017 og með eindaga 1. maí sama ár.

Enginn samningur liggur fyrir í málinu um yfirtöku stefnda á þjónustu við viðskiptavini stefnanda. Þá þykja tölvusamskipti milli aðila málsins í nóvember og desember 2016 og síðan tölvubréf stefnda til stefnanda, dags. 13. september 2017, ekki benda til þess að samningar um slíkt hafi tekist. Stefnandi hefur ekki gert grein fyrir því hvaða fyrirtæki hafi verið um að ræða. Bæði eigandi stefnanda og vitnið C bera á sama veg og mótmæla því alfarið að slíkur samningur hafi nokkurn tíma komist á. Dómurinn telur því að sýkna beri stefnda af kröfu stefnanda vegna framangreindra tveggja reikninga.

Reikningum vegna húsaleigu hefur ekki verið mótmælt. Ekki er fallist á að það leiði til sýknu vegna aðildarskorts að þessir reikningar séu tilgreindir frá félaginu „Regus“ þar sem viðhlítandi skýringar voru gefnar á því við aðalmeðferð og þeim ekki mótmælt af stefnda. Ekki þykir það geta leitt til sýknu þó húsaleigusamningur hafi ekki verið gerður milli aðila, en húsaleiga var greidd fram að þeim tíma er deilur risu á milli þeirra. Húsaleigureikningar eru reikningur nr. 3 í stefnu, að fjárhæð 317.182 krónur og á gjalddaga 4. september 2017, reikningur nr. 11, að fjárhæð 307.616 krónur með gjalddaga 5. október 2017 og nr. 21 að fjárhæð 311.253 krónur með gjalddaga 6. nóvember 2017, reikningur nr. 22 að fjárhæð eftirstöðvum 10.401 króna með gjalddaga 5. desember 2017 og nr. 23 að fjárhæð 89.816 krónur með gjalddaga 4. janúar 2018. Samtals nema þessir reikningar 1.036.268 krónum. Samkvæmt því sem rakið hefur verið ber að dæma stefnda

til að greiða þessa reikninga vegna húsaleigu ásamt dráttarvöxtum skv. 1.mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001.

Af hálfu stefnda er því haldið fram í greinargerð að hann hafi fyrst haft vitneskju um þessa reikninga stefnanda er honum barst innheimtubréf, dags. 17. apríl 2018, sem hafi komið stefnda í opna skjöldu. Með bréfinu hafi þó engir reikningar fylgt. Við aðalmeðferð kvað B, fyrirsvarsmaður stefnda, ekki hafa verið gerðan skriflegan leigusamning en kvaðst telja að stefndi hefði fengið þessa reikninga vegna leigu í tölvupósti og heimabanka, en hún myndi þetta ekki.

Í málinu liggja fyrir 15 reikningar vegna viðskipta á kaffihúsi stefnanda og samtals nema þessir reikningar 59.455 krónum. Þetta eru reikningar nr. 4–10 og nr.12–19. Af hálfu stefnda er því haldið fram að hann hafi fyrst haft vitneskju um þessa reikninga stefnanda er honum barst innheimtubréf, dags. 17. apríl 2018, sem hafi komið stefnda í opna skjöldu. Með bréfinu hafi þó engir reikningar fylgt. Ekki liggur fyrir í málinu staðfesting á því að þessir reikningar hafi verið sendir stefnda og á því er byggt af hans hálfu að hann hafi ekki fengið þá í hendur fyrr en við þingfestingu máls þessa. Í málinu liggur fyrir að fyrirsvarsmaður stefnda og vitnið C staðfesta að þær hafi keypt veitingar á kaffihúsinu fyrir sig og viðskiptavini stefnda. Ekki liggja fyrir athugasemdir stefnda við einstaka reikninga. Síðasti reikningurinn er vegna viðskipta 26. september 2017. Vitnið C hélt því fram í skýrslu sinni við aðalmeðferð að þær B hefðu engin viðskipti átt í kaffihúsinu eftir 10. september 2017, er stefndi hafi flutt úr húsnæðinu. B, fyrirsvarsmaður stefnda, byggir ekki á þessu, kvaðst kannast við þessa reikninga en ekki hafa fengið vitneskju um þá fyrr en með innheimtubréfi. Dómurinn telur, með hliðsjón af því að ágreiningslaust er að starfsmenn stefnda nýttu sér þjónustu á kaffihúsi stefnanda, auk þess sem viðskiptamönnum hafi einnig verið boðið að nýta sér þjónustu þar, að þá verði að dæma stefnda til að greiða framangreinda reikninga ásamt dráttarvöxtum skv.1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, en upphafstími dráttarvaxta verði frá þingfestingu málsins þann 28. júní 2018.

Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. eml. er stefnda heimilt að hafa uppi gagnkröfu til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda á hendur honum ef almennum skilyrðum fyrir skuldajöfnuði er fullnægt. Gagnkrafa stefnda byggist annars vegar á framlögðum reikningi nr. 79, að fjárhæð 266.278 krónur, með eindaga 15. september 2017, og hins vegar reikningi nr. 114, að fjárhæð 182.466 krónur, með eindaga 16. október 2017, eða samtals 448.744 krónur m/vsk. sem komi til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda. Krafan

byggist á almennri bókhaldsþjónustu í þágu stefnanda. Innifalið í þeirri vinnu hafi meðal annars verið færsla bókhalds, launavinnsla og afstemmingar. Innheimtutilraunir hafi engan árangur borið, eins og framlögð innheimtubréf beri með sér, og sé því nauðsynlegt að hafa uppi gagnkröfu þessa. Dómurinn lítur svo á að stefnandi fallist á að framangreindar kröfur komi til skuldajöfnunar, samanber kröfugerð stefnanda þar sem gengið er út frá því að kröfur þessar komi til frádráttar kröfum stefnanda og yfirlýsingum í aðilaskýrslu við aðalmeðferð. Dómurinn fellst því á að þessi krafa stefnda um skuldajöfnuð nái fram að ganga.

Að fenginni þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn með hliðsjón af atvikum öllum eins og nánar er kveðið á um í dómsorði.

Uppkvaðning dóms hefur vegna embættisanna dómara dregist umfram frest skv. 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991. Aðilar eru sammála dómara um að ekki sé þörf á endurflutningi málsins.

Þórður Clausen Þórðarson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, 3 Skref ehf., greiði stefnanda, Orange project ehf., 1.036.286 krónur með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af fjárhæð 317.182 krónum frá 4.9.2017 til 5.10.2017, af 624.798 krónum frá 5.10.2017 til 6.11.2017, af 936.051 krónu frá 6.11. 2017 til 5.12.2017, af 946.452 krónum frá 5.12.2017 til 4.1.2018 og af 1.036.268 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Til frádráttar komi 448.744 krónur ásamt dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6 gr. laga nr. 38/2001 af 266.278 krónum frá 15. september 2017 til 16. október 2017 og af 448.744 krónum frá þeim tíma til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 600.000 krónur í málskostnað.

Þórður Clausen Þórðarson

